

Takk hreinlæti ehf.
Draghálsi 18-26
110 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2026
UOS4097/P.K.S.

Efni: Tímabundin stöðvun markaðssetningar á vörunni Jógursmyrsl m/joði

Umhverfis- og orkustofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu, dags. 19. febrúar 2026, þar sem greint er frá því að við skoðun stofnunarinnar hjá Takk hreinlæti ehf., Draghálsi 18-26, 110 Reykjavík, kom í ljós að fyrirtækið selur sæfivöru sem ekki hefur markaðsleyfi hér á landi og uppfylla af þeim sökum ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Um er að ræða eftirfarandi vöru:

- Jógursmyrsl m/joði. Inniheldur joð (CAS númer 7553-56-2), sem samþykkt er til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 3 (sjá Stjóð. ESB L 180, 6.7.2016, bls. 12).

Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur. Stofnunin annast jafnframt eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim, sbr. XI. kafla laganna.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni, valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra, né á umhverfi og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Sæfivörur þurfa markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út, sbr. 35. gr. efnalaga og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar gengur markaðssetning á umræddri vöru sem ekki hefur markaðsleyfi, gegn ákvæðum efnalaga og reglugerðar um sæfivörur. Með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Um brot gegn ákvæðum efnalaga og reglugerða settra skv. þeim fer samkvæmt ákvæðum XIII. og XIV. kafla laganna og er Umhverfis- og orkustofnun m.a. heimilt, skv. 57. gr. laganna, að stöðva markaðssetningu á vöru þegar í stað þegar grunur leikur á að varan uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í því felst að Umhverfis- og orkustofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu eða innkallað tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni, þar til úr hefur verið bætt.

Með hliðsjón af framangreindu stöðvar Umhverfis- og orkustofnun hér með tímabundið markaðssetningu á vörunni Jógursmyrsl m/joði í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í því felst að markaðssetning og notkun umræddrar vöru er með öllu óheimil en Takk hreinlæti ehf. skal geyma vöruna með öruggum hætti þar til sótt hefur verið um markaðsleyfi fyrir hana, það veitt og sýnt er að varan uppfylli skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur, til að vera á markaði.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Takk hreinlæti ehf. frest til 5. mars 2026 til að upplýsa stofnunina um áætlun um úrbætur. Stofnunin bendir á að úrbætur geta falist í því að sótt yrði um markaðsleyfi fyrir vörunni, endursenda hana til framleiðanda eða farga henni með viðurkenndum hætti. Fyrirtækinu er veittur sami frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Senda skal sjónarmið fyrirtækisins á opinbert netfang stofnunarinnar uos@uos.is, merkt málnúmerinu UOS-4097.

Það skal áréttað, þrátt fyrir veittan frest til að gera athugasemdir, að **tímabundin stöðvun markaðssetningar á vörunni tekur gildi nú þegar**. Komi í ljós að liðnum veittum fresti að varan uppfylli ekki skilyrði efnalaga í samræmi við framangreint er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að beita frekari þvingunarúrræðum í samræmi við XIII. kafla efnalaga til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og leggja á dagsektir.

Það athugast að upplýsingar um beitingu úrræðisins verða birtar á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 5. mgr. 49. gr. efnalaga en samkvæmt ákvæðinu skal stofnunin birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

Gjald fyrir vinnu vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við gildandi gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar þegar málslok liggja fyrir.

Upplýsingar um markaðsleyfi fyrir sæfivörur má finna [hér](#). Takk hreinlæti ehf. er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafðísar Ingu Ingvarsdóttur, í síma 569-6000 eða í gegnum netfangið hafdis.i.ingvarsdottir@uos.is til að fá frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir
sviðsstjóri

Þorgrímur Kári Snævarr
lögfræðingur

Meðfylgjandi er eftirlitsskýrsla Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 19. febrúar 2026.